LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA
STOFNAÐ 1949

Grænt letur = nýr texti
Rautt letur = Texti fellur brott
Svart letur = Óbreyttur texti

Þingskjal nr. __

Flytjandi Keppnisnefnd LH

Lagt fyrir _____

Tillaga

65. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Hveragerði 30. og 31. október 2026, samþykkir breytingu á íslenskum sérreglum um keppni í reglum um mótahald á Íslandi.

Við bætist ný grein er verður gr. 5.9 Búnaðarskoðun

Á öllum löglegum mótum er skylt að framkvæma búnaðarskoðun á öllum hestum sem taka þátt í forkeppni og úrslitum og lesið skal af örmerki.

Mótshaldarar þurfa að tryggja nægilegt starfsfólk í búnaðarskoðun til að nægur tími gefist fyrir skoðunina. Þörf er á fleira starfsfólki við fótaskoðun í skeiðgreinum og í úrslitum.

Greinargerð:

Eðlilegt er að á stærri mótum sé yfirdómari laus og geti brugðist við ef eitthvað kemur uppá. Eins er mikilvægt að yfirdómari geti haft yfirsýn yfir búnaðarskoðun.

Orðalag byggir á gr. Í8 um búnaðarskoðun á WorldRanking mótum. (Á WorldRanking mótum er skylt að framkvæma búnaðarskoðun á öllum hestum sem taka þátt í úrslitum og lesið skal af örmerki og framkvæmd búnaðarskoðun á a.m.k. 25% á hestum sem taka þátt í forkeppni. Ef lesið er af örmerki á öllum hestum við komu á keppnissvæðið þarf ekki að lesa af örmerki við búnaðarskoðun. Mótshaldarar þurfa að tryggja nægilegt starfsfólk í búnaðarskoðun til að nægur tími gefist fyrir skoðunina. Þörf er á fleira starfsfólki við fótaskoðun í skeiðgreinum og í úrslitum.)